



2015

Umbótaáætlun – ytra mat

Inngangur

Haustið 2014 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar úttekt á starfsemi Salaskóla. Þeir þættir sem voru skoðaðir voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og nám nemenda með sérþarfir. Niðurstöður úttektarinnar eru settar fram í skýrslu sem var birt í febrúar 2015 en kynntar starfsfólki í byrjun janúar. Þar eru dregnir fram styrkleikar í starfi skólans og sett fram tækifæri til umbóta.

Matshópur skólans var skipaður upp á nýtt í byrjun janúar og tók þegar til við að vinna að umbótaáætlun út frá þeim ábendingum sem koma fram í skýrslunni. Í hópnum eiga sæti Agnes Þorleifsdóttir, kennari, Berglind Hansen, fulltrúi foreldra, Hafsteinn Karlsson, skólastjóri, Hulda Björnsdóttir, deildarstjóri, Jóhanna Björk Daðadóttir, kennari, Jóhanna Pálsdóttir, kennari, Kjartan Ólafur Gunnarsson, nemandi, Magnús Halldórsson, húsvörður, Margrét Sveinsdóttir, sérkennari, María Helga Gunnarsdóttir, kennari og Matthildur Einarsdóttir, nemandi. Hópurinn fór skipulega í skýrsluna og rýndi sérstaklega í þær ábendingar sem þar koma fram. Hann lauk vinnu við skýrsluna í byrjun mars og á starfsmannafundi 13. mars voru niðurstöður hópsins kynntar og unnið áfram með ákveðna þætti á þeim fundi með svokölluðu kaffihúsafyrirkomulagi. Umbótaáætlun þessi byggir á þessari vinnu.

Umbótaáætlunin er sett upp í töfluformi ásamt tímaramma og ábyrgðaraðilum. Einhver atriði eru tvítekin í úttektarskýrslunni þar sem þau koma fram undir mismunandi matsþáttum. Í umbótaáætluninni er sérhver tillaga til úrbóta úr skýrslunni tekin fyrir í sömu röð og þær eru í skýrslunni. Í einhverjum tilfellum er búið að framkvæma það sem bent er á. Það kemur þá fram í áætluninni.

Salaskóli þakkar gott samstarf við þá sem stóðu að og framkvæmdu úttektina. Úttektin er afar gagnleg fyrir skólastarfið og þróun þess.

Stjórnun

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Stjórnandinn sem leiðtogi	Huga ætti að reglulegri endurgjöf til kennara um nám og kennslu.	<p>Kennarar fá endurgjöf á kennsluáætlanir.</p> <p>Þeir fá upplýsingar um athugasemdir og ábendingar foreldra frá morgunfundum stjórnenda.</p> <p>Reglulegt jafningjamat verður tekið meðal kennara sem byggist á innliti kennara í kennslustundir hjá öðrum. Búinn til gátlísi fyrir jafningjamat ásamt umræðupunktum fyrir umræður milli kennara eftir innlit.</p> <p>Kannaðir verði möguleikar á reglulegu frammistöðumati.</p> <p>Huga að því að kalla eftir mati frá nemendum t.d. í nemendaviðtölum kennara, með nafnlausri netkönnun o.fl.</p>	Skólaárið 2015-2016	Rafræn könnun vorið 2016	Skólastjóri
	Huga mætti að því að gera einkunnarorðin sýnilegri í skólanum svo allir séu meðvitaðir um þau	<p>Þemavinna í öllum árgöngum um einkunnarorð.</p> <p>Draga einkunnarorðin skýrar fram í stefnu skólans.</p>	Skólaárið 2015-2016	Matsteymi skoðar - maí 2016	Skólastjóri
Stjórnun stofnunar	Gera þarf skipurit sem	Gera skipurit	Mars 2015	Heimasíða skólans - apríl	Skólastjóri

	endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum.			2015	
	Skrá ætti menntun og sérhæfingu starfsmanna.	Setja upp skjal með upplýsingum um menntun og sérhæfingu	Mars til maí 2015		Skólastjóri
	Setja reglur um upplýsingagjöf varðandi nemendur.	Skrá þær reglur sem unnið hefur verið eftir	Apríl - maí 2015	Birtist í skólanámskrá skólaárið 2015-2016	Aðstoðarskólastjóri / sérkennslustjóri
Faglegt samstarf	Skrá og birta verklag um samstarf Salaskóla við framhaldsskólastigið.	Skrá verklagið	Lokið	Heimasíða Salaskóla - mars 2015	Skólastjóri
	Þörf er á að stuðningsfulltrúar og annað starfsfólk sé boðað á fagfundi þar sem það á við.	Allt starfsfólk boðað á sameiginlega fagfundi fjórum sinnum á hvorri önn	Febrúar 2015 - febrúar 2016	Starfsmannakönnun vorið 2016	Skólastjóri
	Halda reglulega starfsmannafundi fyrir allt starfsfólk skólans.	Allt starfsfólk boðað á sameiginlega fagfundi fjórum sinnum á hvorri önn	Febrúar 2015 - febrúar 2016	Starfsmannakönnun vorið 2016	Skólastjóri
Skólapróun	Skipa þarf matshóp með fulltrúum allra hagsmunaaðila skólans.	Skipa matshóp	Lokið	Janúar 2015	Skólastjóri
Starfsáætlun og skólanámskrá	Vinna þarf að uppsetningu starfsáætlunar og skólanámskrár í samræmi við fyrirmæli í aðalnámskrá grunnskóla.	Matsteymi fer yfir aðalnámskrá og betrubætur starfsáætlun og skólanámskrá Salaskóla í samræmi við fyrirmæli hennar grunnskóla.	Apríl - ágúst 2015	Matsteymi skoðar - september 2015	Stjórnendur og matsteymi
	Tryggja að allir hagsmunaaðilar komi að umfjöllun um gerð skólanámskrár og starfsáætlunar.	Skólaráð fjallar um áherslur í skólanámskrá sem og í innra mati. Á morgunfundum með foreldrum haustið 2015 verður kallað sérstaklega eftir	Febrúar - desember 2015	Skoðað hvernig umfjöllun var í skólaráði, á morgunfundum og á skólaþingi nemenda - janúar 2016	Skólastjóri

		<p>áherslum foreldra í skólanámskrá.</p> <p>Skólaþing nemenda í 5. - 10. bekk í febrúar 2015 var rætt um áherslur nemenda í námi og leitað eftir hugmyndum um skipulag skólafélagsins.</p>			
Skóladagur nemenda	Huga að því að skipuleggja tíma nemenda þannig að kennslustundir skerðist ekki, t.d. vegna þess að ekki er nægur tími til að fara í og úr íþróttum.	Kennarar yngstu barna taki á móti nemendum sínum í íþróttamiðstöð	Febrúar 2015		Deildarstjóri
Verklagsreglur og áætlanir	Vinna þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir.	Vinna áætlunina	Maí 2015	Birtist í starfsáætlun 2015-2016	Aðstoðarskólafélagsstjóri / sérkennslustjóri
	Vinna þarf að heildstæðri forvarnaráætlun og birta á heimasíðu.	Tekin saman ítarleg forvarnaráætlun fyrir skólann. Leitað eftir upplýsingum hjá öllum kennurum, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðingum ofl.	Lokið	Birt á heimasíðu Salaskóla - mars 2015 – Lokið	Skólafélagsstjóri
	Gæta þess að skólaráð og fulltrúar nemenda í skólaráði taki þátt í næstu endurskoðun skólareglna með formlegum hætti.	Á skólaþingi 12. febrúar 2015 ræddu nemendur og gerðu tillögur að endurbótum á skólareglum. Unnið áfram í skólaráði	Febrúar - nóv 2015	Skoðað hvernig nemendur tóku þátt í endurskoðun skólareglna - nóv 2015	Skólafélagsstjóri
Skólaráð, foreldrafélag	Gera ætti starfsáætlun til eins skólaárs í senn fyrir skólaráðið, m.a. um tíðni funda, boðun þeirra og helstu málefni.	Lokið			Skólafélagsstjóri
	Virkja þarf fulltrúa	Kynna starfsemi skólaráðs fyrir	Febrúar -	Í júní 2015 verður þátttaka	Skólafélagsstjóri

	nemenda til setu í skólaráði.	nemendum og vekja athygli á möguleikum þeirra til að hafa áhrif á skólastarfið. Finna fundartíma sem hentar nemendum.	mars 2015	nemenda í skólaráði og mæting á fundi könnuð	
	Kjósa á fulltrúa nemenda í skólaráð til tveggja ára í senn með lýðræðislegum hætti.	Vinna með nemendum á skólapingi nemenda 12. febrúar 2015. Upp úr því verða mótaðar aðferðir til að virkja nemendur. Fulltrúar valdir eftir nýjum reglum í ágúst 2015	Febrúar - maí 2015	Ágúst 2015	Skólastjóri
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Huga að enn frekari upplýsingagjöf til foreldra um stöðu nemenda í námi í gegnum Mentor.	Skoða rækilega notkun kennara á mentor og hvaða upplýsingar þeir setja þar inn. Samræma innan skólans. Athuga viðhorf foreldra til notkunar á mentor.	Mars - ágúst 2015	Rafræn könnun meðal foreldra og kennara í október 2015	Skólastjóri

Nám og kennsla

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Inntak og árangur	Setja skólanámskrá fram á þann hátt sem kveðið er á um í aðalnámskrá.	Matsteymi fer yfir aðalnámskrá og betrubætur skólanámskrá Salaskóla í samræmi við fyrirmæli hennar	Apríl - maí 2015	Matsteymi skoðar - ágúst 2015	Skólastjóri
	Birta heildstæða skólanámskrá á heimasíðu	Setja inn drög og uppfæra jafnóðum og þau breytast	Júní 2015	Birtist á heimasíðu - október 2015	Skólastjóri
	Gera námsvísa/árganganámskrár aðgengileg fyrir foreldra og nemendur.	Námsvísar eru flestir á heimasíðu, ljúka við að setja það sem eftir er	Apríl 2015	Birtist á heimasíðu - október 2015	Skólastjóri
Skipulag nám og námsumhverfi	Hafa námsvísa/bekkjarnámskrár sem sýna stigvaxandi kröfur aðgengileg öllum.	Námsvísar eru flestir á heimasíðu, ljúka við að setja það sem eftir er	Apríl 2015	Birtist á heimasíðu - október 2015	Skólastjóri
	Skrá og birta verklag um samskipti milli leik-, grunn- og framhaldsskóla.	Skrá verklag og birta á heimasíðu	Júní 2015	Birtist á heimasíðu - Júní 2015	Skólastjóri
	Huga að því að umsjónarkennarar hafi reglulega nemendasamtöl þar sem rætt er við hvern nemenda um nám og liðan.	Umsjónarkennarar taki einstaklingsviðtöl við nemendur tvisvar á hverri önn. Nemendur læri hvernig hægt er að undirbúa sig fyrir viðtölin. Þjálfar nemendur í að tjá sig um liðan og nám. Opna möguleika fyrir nemendur til að koma á framfæri skilaboðum til stjórnenda um nám sitt og liðan.	Ágúst 2015 - maí 2016	Matsteymi skoðar hvort þetta hafi náðst – júní 2016	Jóhanna Pálsdóttir og Jóhanna Björk Daðadóttir

Kennsluhættir og gæði kennslu	Efla umræður, skoðanaskipti og gagnrýna hugsun nemenda.	Halda skólaþing með nemendum tvisvar á hverri önn. Auka vægi samvinnunáms í kennslu	Febrúar 2015 - júní 2016	Matsteymi skoðar niðurstöður skólaþinga og hvernig þær skila sér í skólastarfið. Rafræn könnun um vægi samvinnunáms meðal kennara - Maí 2016	Stjórnendateymi
	Huga enn frekar að fjölbreyttum kennsluháttum. Nýta markvisst samstarf og samvinnu í námi og kennslu. Huga að því að nám nemenda á öllum aldri taki að hluta mið af áhugasviðum þeirra.	Endurmenntun kennara taki mið af fjölbreyttum kennsluháttum. Opna stundaskrá meira en nú er og gera hana sveigjanlegri. Auka samvinnu milli árganga og stiga. Auka vægi verkefnamiðaðs náms, þemanáms á öllum aldurstigum. Auka samvinnunám á öllum stigum. Breyta námsumhverfi í átt til svæðavinnu / stöðvavinnu. Festa valstundir hjá nemendum í 1. - 7. bekk. Endurskipuleggja val á yngsta- og miðstigi með það að markmiði að auka það og vinna með áhugasvið nemenda. Þjóða upp á möguleika á að nemendur geri verkefnasamninga tengda áhugasviði þeirra.	Mars 2015- maí 2016	Rafræn könnun meðal kennara - maí 2016	Stjórnendateymi

		Aukin áhersla á nálgun í anda hugsmiðahyggjunnar.			
	Auka val nemenda um námsaðferðir og námsstíl á öllum aldurstigum.	Kennarar kynna sér hugmyndir um ólíka námsstíla. Huga að fjölbreyttara námsumhverfi sem gefur nemendum kost á að vinna við þær aðstæður sem henta þeim best. Líflegar kennslustofur sem ýta undir áhuga og sköpunargleði nemenda.	Apríl - maí 2017	Rafræn könnun meðal kennara - maí 2017	Stjórnendateymi
	Efla upplýsingatækni við nám og kennslu á öllum stigum.	Allir kennara skólans fá spjaldtölvu, nemendur á mið- og unglíngastigi frá spjaldtölvu til eigin nota. Kennarar fá endurmenntun í breyttum kennsluháttum og aukinni notkun UT í námi og kennslu. Þátttaka í Erasmus+ gerir mögulegt að fara í skólaheimsóknir og á námskeið erlendis. Námskeið og skólaheimsóknir innanlands.	Mars 2015 - maí 2018	Rafræn könnun meðal kennara - maí 2016, 2017 og 2018	Stjórnendateymi
Lýðræðisleg vinnubrögð	Kjósa á nemendur með lýðræðislegri kosningu í skólaráð til tveggja ára í senn	Tekið fyrir á Skólapingi nemenda 12. febrúar og út frá niðurstöðum þar verður	Febrúar 2015 - maí 2015	Matsteymi skoðar fundargerðir skólaráðs skólaárið 2015-2016	Matsteymi

	eins og reglugerð kveður á um.	fyrirkomulag kosninga ákveðið			
	Hafa nemendur með sem fullgilda þátttakendur í umræðum og ákvörðunum á fundum skólaráðs.	Hefur þegar verið gert			
	Huga að eflingu nemendafélags innan skólans, m.a. með því að velja breiðari aldurshóp í stjórn þess.	Halda skólaþing um félagslíf nemenda. Þar verður frekara fyrirkomulag ákveðið.	Apríl 2015 - maí 2016	Rafræn könnun meðal nemenda vorið 2016	Stjórnendateymi
	Móta og skrá verklag til að afla markvisst sjónarmiða nemenda um málefni sem snerta þá.	Skólaþing 2-4 sinnum á hverju skólaári sem fjallar um nám og skólastarf. Þar setja nemendur fram sjónarmið sín á lýðræðislegan hátt.	Febrúar 2015 - maí 2016	Matsteymi skoðar hvernig að þessu hefur verið staðið í lok skólaárs 2016	Stjórnendateymi
Ábyrgð og þátttaka	Gera nemendum ljós markmið námseininga í heild.	Markmið verði sýnileg í kennslustofum og á heimasíðu skólans. Vikuleg markmið fyrir allan bekkinn hangi upp á vegg svo allir sjái.	Ágúst 2015 - maí 2016	Matsteymi skoðar hvernig að þessu hefur verið staðið í lok skólaárs 2016	Stjórnendateymi
	Þjálfa nemendur á öllum stigum í að setja sér markmið í námi.	Taka upp regluleg viðtöl við nemendur þar sem farið er í markmiðssetningu. Nemendur setji sér markmið vikulega.	Ágúst 2015 - maí 2016	Matsteymi skoðar hvernig að þessu hefur verið staðið í lok skólaárs 2016	Stjórnendateymi
	Gera viðmið um árangur öllum ljós með birtingu á heimasíðu.	Birta skólanámskrá á heimasíðu	Júní 2015 - ágúst 2015	Matsteymi skoðar hvernig að þessu hefur verið staðið í lok skólaárs 2016	Stjórnendateymi
Stuðningur við nám	Skrá þarf hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.	Birta í starfsáætlun	Júní 2015 - ágúst 2015	Matsteymi skoðar hvernig að þessu hefur verið staðið í lok skólaárs 2016	Aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri
	Huga ætti að því að nemendur á öllum aldri fái	Festa valstundir hjá nemendum í 1. - 7. bekk. Skipuleggja	Ágúst 2015 - maí 2016	Matsteymi skoðar hvernig að þessu hefur verið staðið í	Stjórnendateymi

	<i>krefjandi verkefni við hæfi.</i>	<i>valgreinar hjá nemendum á þessum aldri</i>		<i>lok skólaárs 2016</i>	
--	-------------------------------------	---	--	--------------------------	--

Innra mat

Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
<p>Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi</p>	<p>Skipa þarf matshóp og tryggja að helstu hagsmunaaðilar skólans eigi sinn fulltrúa í honum.</p>	<p>Hefur þegar verið gert</p>	<p>Lokið</p>		
	<p>Finna ætti leiðir til að meta kennslu og fagmennsku kennara með reglubundnum hætti</p>	<p>Kennarar fá endurgjöf á kennsluáætlanir.</p> <p>Þeir fá upplýsingar um athugasemdir og ábendingar foreldra frá morgunfundum stjórnenda.</p> <p>Reglulegt jafningjamat verður tekið meðal kennara sem byggist á innliti kennara í kennslustundir hjá öðrum. Búinn til gátlisti fyrir jafningjamat ásamt umræðupunktum fyrir umræður milli kennara eftir innlit.</p> <p>Kannaðir verði möguleikar á reglulegu frammistöðumati.</p> <p>Huga að því að kalla eftir mati frá nemendum t.d. í nemendaviðtölum kennara, með nafnlausri netkönnun o.fl.</p>	<p>Skólaárið 2015 - 2016</p>	<p>Rafræn könnun meðal kennara maí 2016</p>	<p>Skólastjóri</p>
	<p>Gefa ætti árlega út matsskýrslu með helstu niðurstöðum innra mats</p>	<p>Matsskýrsla hefur komi út annað hvert ár. Á undanförunum árum hefur stjórnun í skólanum verið skorin niður sem nemur heilu stöðugildi og á sama tíma hefur nemendum fjölgað verulega. Þá</p>			

		hafa fleiri verkefni hlaðist á herðar stjórnenda. Þeim hefur því verið nauðugur einn kostur að draga úr verkefnum. Því hefur ekki verið hægt að gefa út matsskýrslu á hverju ári vegna þessa. Lög og reglugerðir kveða ekki á um hversu oft matsskýrsla skuli koma út. Til þess að hægt sé að vinna matsskýrslu á hverju ári þarf að koma til aukning mannafla á skrifstofu. Þessum lið er því vísað til skólayfirvalda í Kópavogi.			
Innra mat er markmiðsbundið	Skilgreina þarf viðmið um árangur og birta í sjálfsmatsgögnum og á heimasíðu	Setja viðmið um árangur og mat og birta á heimasíðu	Júní 2015 - júní 2016	Matsteymi skoðar í júní 2016	Matsteymi
Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum	Leita ætti með formlegum hætti eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila skólans um áherslu og forgangsröðun í innra mati.	Foreldrar - spyrja foreldra á morgunfundum hvað þeir vilja að verði skoðað í skólastarfinu. Nemendur - spyrja nemendur á Skólapingi hvað þeir vilja að verði skoðað í skólastarfinu. Tekið fyrir á starfsmannafundi	Haustönn 2015	Matsteymi skoðar í janúar 2016	Skólastjóri
Innramat er opinbert	Kynna ætti fyrir öllum helstu hagsmunaaðilum hvað felst í innra mati	Kynna á morgunfundum með foreldrum og á Skólapingi með nemendum	Haustönn 2015	Matsteymi skoðar í janúar 2016	Skólastjóri
	Skilgreina mætti einstaka umbótaþætti í umbótaáætlun nánar	Verður gert	Júní 2015	Birtist í umbótaáætlun 2015	Skólastjóri
Innra mat er umbótamiðað	Vinna ætti að því að sem flestir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins verði meðvitaðir um að þátttaka þeirra í innra mati leiði til	Þetta er þegar gert			

	<i>umbóta</i>				
	<i>Skrá í umbótaáætlun hvenær meta á umbætur</i>	<i>Verður sett í umbótaáætlun</i>	<i>Júni 2015</i>	<i>Matsteymi skoðar í september 2015</i>	<i>Matsteymi</i>
	<i>Setja fram nákvæma umbótaáætlun með viðmiðum um árangur til eins árs í senn</i>	<i>Verður gert</i>	<i>Júni 2015</i>	<i>Matsteymi skoðar í september 2015</i>	<i>Matsteymi</i>

Nám nemenda með sérþarfir

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Áætlun um umbætur	Hvenær unnið/lok	Hvernig/hvenær mælt	Ábyrgð
Nám við allra hæfi	Huga þarf að því að bráðgerir nemendur á öllum aldri fái viðeigandi og krefjandi verkefni	Leggja áherslu á að allir nemendur fái viðeigandi og krefjandi verkefni. Festa valstundir hjá nemendum í 1. - 7. bekk. Skipuleggja valgreinar hjá nemendum á öllum aldri	Júní 2015 - júní 2016	Matsteymi skoðar í september 2016	skólastjóri
Greiningargögn og námsáætlanir	Gera tilfærsluáætlanir sem fylgja nemendum með sérþarfir frá grunnskóla í framhaldsskóla	Menntasvið Kópavogsbæjar vinnur tilfærsluáætlun fyrir skóla í Kópavogi	Júní 2015	Matsteymi skoðar í júní 2015	Menntasvið
Verklagsreglur og áætlanir	Gera þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir og birta á heimasíðu	Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir og birta á heimasíðu	Júní 2015 - ágúst 2015	Matsteymi skoðar í september 2015	Aðstoðarskólastjóri / sérkennslustjóri
	Huga þarf að því að koma upp ferli til að tryggja að allir starfsmenn fái strax upplýsingar um nýja nemendur með sérþarfir	Skilgreina hvaða upplýsingar á að gefa hverjum. Auka fræðslu um viðbrögð við hegðun og framkomu nemenda. Auka fræðslu um ADHD, einhverfu o.fl. Upplýsa starfsfólk um sjúkdóma sem nemendur kunna að vera með.	Mai 2015 - ágúst 2015	Matsteymi skoðar í september 2015	Skólastjóri / aðstoðarskólastjóri / sérkennslustjóri

		Fræðsla um viðbrögð verði fastur liður á dagskrá á starfsmannafundum í upphafi skólaárs.			
Skipulag	Gera ætti ráðstafanir til að nemendur (a.m.k. á mið- og unglíngastigi) geti setið í einstaklingsteymum sem fjalla um málefni þeirra og þannig tekið þátt í að móta nám sitt að einhverju marki	Góð ábending, verður gert í þeim tilfellum sem það er hægt	maí 2015 - júní 2016	Matsteymi skoðar í júní 2016	Aðstoðarskólastjóri / sérkennslustjóri
	Birta lýsingu á einstaklingsteymum	Lýsing á einstaklingsteymum verður sett í starfsáætlun	júní 2015	Matsteymi skoðar hvort þetta hafi skilað sér í september 2015	Aðstoðarskólastjóri / sérkennslustjóri